

Ed.

2. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Úr fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli niður orðin: „enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt heimild í 2. gr., 4. mgr., laga nr. 6 9. jan. 1935, hefir verið gerður samningur milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum. Samningur þessi var undirskrifaður í Kaupmannahöfn 24. janúar 1939. Ákvæðið í lok fyrri málsgreinar 1. gr. fyrgreindra laga stendur við ákvæði samnings þessa, en ákvæðið mun vera úrelt og hafa verið fellt burtu úr nýrri skattalöggjöf nágrannaþjóðanna. Þykir því rétt, að ákvæðið sé einnig fellt burtu hér.